

Nd.

332. Lög

um breytingu á lögum nr. 34, 6. nóv. 1902. [*Sóttvarnalög*].

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

6. gr. laga nr. 34 frá 1902 skal orða þannig:

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir allt landið, er sje jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomu- skipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum útbúnaði þess og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sje til taks.

Bæjarlæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema heilbrigðisstjórnin skipi til þess annan lækni. Heilbrigðisstjórnin setur reglur um afnot þessa sóttvarnarhúss.

2. gr.

Síðari málsgrein 12. gr. skal orða þannig:

Sje aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3, má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sje til neytt.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gefa út afsal til hlutaðeigandi kaupstaða fyrir sóttvarnarhúsunum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, án þess nokkuð endurgjald komi fyrir þau, með þeim skilyrðum, að á Ísafirði verði settur í nýja spítalann sóttthreinsunarofn, er sje fullnægjandi að áliti landlæknis, að á Akureyri verði sóttvarnarhúsið haft fyrir farsóttahús, og að á Seyðisfirði verði andvirði fyrir sóttvarnarhúsið varið til aðgerðar á bæjarspítalanum þar.